



Borgarráð

Tillaga valnefndar umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur um skipan umdæmisráðs

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að vísa til borgarstjórnar hjálagðri tillögu valnefndar umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur, dags. 12. desember, að skipan aðalmanna og varamanna í umdæmisráð. Skipunartími umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur er fimm ár, frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027. Þar er lagt til eftirfarandi:

Aðalmenn í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur

Tómas Hrafn Sveinsson lögfræðingur, formaður

Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi

Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur

Varamenn í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur

Halldór Rósmundur Guðjónsson lögfræðingur, varaformaður

María Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi

Thelma Gunnarsdóttir, sálfræðingur

Þorsteinn Gunnarsson

borgarritari

Hjálagt:

Tillaga valnefndar umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur um skipun umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur, dags. 12.12.2022.

Erindisbréf valnefndar umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur, dags. 08.12.2022.

Listi mennta- og barnamálaráðuneytisins yfir einstaklinga sem uppfylla almenn hæfisskilyrði til að taka sæti í umdæmisráðum barnaverndar, dags. 22.09.2022.

Tillaga valnefndar umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur

1. Skipun valnefndar

Valnefnd umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur starfar á grundvelli erindisbréfs, dags. 24. nóvember 2022 með breytingu dags. 8. desember 2022. Valnefndina skipa:

Trausti Fannar Valsson formaður
Ellý Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi
Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Hlutverk valnefndarinnar er að gera tillögu til borgarráðs um skipan umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur samkvæmt 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Tillaga valnefndarinnar er ráðgefandi.

2. Kosning fyrsta umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur til fimm ára

Samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skulu sveitarfélög starfrækja barnaverndarþjónustu. Reykjavíkurborg hefur ákveðið að borgin starfræki barnaverndarþjónustu samkvæmt lögunum - Barnavernd Reykjavíkur. Í 13. gr. barnaverndarlaga kemur fram að í umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu skuli starfrækja umdæmisráð barnaverndar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að skipa í umdæmisráð til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 14. gr. sömu laga.

Fyrsta umdæmisráðið samkvæmt ofangreindu tekur til starfa 1. janúar 2023, til fimm ára. Frá sama tíma fellur umboð barnaverndarnefndar úr gildi, sbr. ákvæði II. til bráðabirgða við barnaverndarlög nr. 80/2002, sbr. 1. gr. laga nr. 20/2022.

3. Sjónarmið og gögn sem valnefndin leggur til grundvallar tillögu sinni

Um skipun umdæmisráðs segir svo í 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga:

„Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum. Einn skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þeir skulu að öðru leyti hafa næga þekkingu og færni til að geta sinnt starfi ráðsmanns. Ráðsmenn þurfa ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs og getur sami einstaklingur setið í fleiri en einu umdæmisráði. Ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Í 5. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga segir að ráðherra sé heimilt að halda lista yfir einstaklinga sem hann telur uppfylla almenn hæfisskilyrði skv. 2. mgr. ákvæðisins.

Mennta- og barnamálaráðherra ákvað að nýta þessa heimild og auglýsti eftir einstaklingum sem uppfylltu eftirtalin hæfisskilyrði: (1) Íslenskt starfsleyfi í félagsráðgjöf, íslenskt starfsleyfi í sálfræði eða fullnaðarpróf í lögfræði (cand.jur./meistarapróf). (2) Þriggja ára starfsreynsla í barnavernd. (3) Þekking, færni og svigrúm frá öðrum störfum til að geta sinnt starfi ráðsmanns eða varamanns.

Einstaklingar sem lýstu áhuga á að vera teknir á ofangreindan lista skiluðu inn viðeigandi gögnum til mennta- og barnamálaráðuneytisins sem tók á þeim grundvelli saman lista með nöfnum þeirra sem ráðuneytið mat að fullnægðu almennum skilyrðum laga til að taka sæti í umdæmisráði. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur látið sveitarfélögum þennan lista í té, ásamt viðeigandi umsóknargögnum.

Um er að ræða lista með nöfnum 22 félagsráðgjafa, 13 lögfræðinga og 6 sálfræðinga, ásamt umsóknargögnum þeirra allra.

Í samræmi við erindisbréf valnefndar byggir hún tillögu sína á mati á þeim einstaklingum sem fram koma á listanum og þeim gögnum sem ráðuneytið lét Reykjavíkurborg í té um þá.

Samkvæmt erindisbréfi skal valnefnd að öðru leyti viðhafa faglegt mat við gerð að tillögu og gæta að því að tilnefndir einstaklingar hafi fullnægjandi og umfangsmikla þekkingu sem nýtist til að geta gegnt starfi ráðsmanns.

Til að tryggja sem best hlutlægt og faglegt mat leit valnefndin við undirbúning tillögu sinnar til eftirfarandi sjónarmiða:

Reynsla af barnavernd, umfram þriggja ára lágmarkstíma. Bæði m.t.t. tímalengdar og eðlis verkefna.

Þekking, s.s. menntun, sem nýtist ráðsmanni í umdæmisráði. Þekking getur verið á sviði barnaverndar, en einnig t.d. á sviði stjórnsýslu, fjölskyldumála eða annarra sviða sem tengjast málaflokksnum.

Færni sem nýtist ráðsmanni í umdæmisráði. Færni getur verið á sviði barnaverndar, en einnig t.d. á sviði stjórnsýslu, fjölskyldumála eða annarra sviða sem tengjast málaflokksnum.

Valnefndin yfirfór lista ráðuneytis mennta- og barnamálaráðherra og lagði heildstætt mat á það hvaða aðilar á listanum fullnægðu best ofangreindum viðmiðum.

Valnefndin leit við heildstætt mat sitt til þess seta í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur er aukastarf þeirra sem þar sitja, en málaflokkurinn og verkefni ráðsins eru engu að síður flókin og hagsmunir iðulega miklir. Reynsla og þekking af sambærilegum störfum og felast í setu í ráðinu, s.s. af setu í barnaverndarnefndum, reynsla og þekking af stjórnsýslu, ekki síst á sveitarstjórnarstigi, og af barnavernd skipta því að mati valnefndar umtalsverðu máli og auka líkur á því að störf ráðsins verði farsæl.

Valnefndin leit einnig til þess að um er að ræða fyrstu skipun umdæmisráðsins, á grundvelli nýlegra breytinga á barnaverndarlögum. Til að tryggja samfellu innan mikilvægs málaflokks, þrátt fyrir skipulagsbreytingar, telur valnefndin því auk alls framangreinds rétt að líta til þekkingar og reynslu af sambærilegum verkefnum á sviði barnaverndarnefndar Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða valnefndarinnar (tillaga) byggist á heildarmati, þar sem ofangreind sjónarmið eru höfð til leiðbeiningar og viðmiðs.

Valnefnd hefur við gerð sinnar tillögu jafnframt horft til þess að skipun ráðsins fullnægi kröfum 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um kynjahlutföll í nefndum, sbr. einnig 2. mgr. 45. gr. sömu laga, og til hliðsjónar 28. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

4. Málsmæðferð

Valnefndin hélt fund 9. desember 2022 þar sem farið var hlutverk umdæmisráðs og hæfnisskröfur til ráðsmanna samkvæmt lögum, og matsviðmið samþykkt.

Þá lagði nefndin heildstætt mat á einstaka aðila á lista ráðuneytisins með hliðsjón af matsviðmiðum. Valnefndin lagði í þeirri yfirferð áherslu á að afmarka þá einstaklinga sem best fullnægðu framangreindum viðmiðum.

Fyrir fundinn höfðu ráðsmenn hver fyrir sig kynnt sér gögn um alla einstaklinga á listanum.

Að loknum fundi 9. desember var drögum að greinargerð valnefndarinnar stillt upp. Að því verkefni unnu fulltrúar í valnefnd í sameiningu. Fundur var á ný haldinn 12. desember þar sem greinargerðin (tillaga valnefndarinnar) var afgreidd.

5. Greinargerð um tillögu valnefndarinnar

Almenn atriði

Samkvæmt 14. gr. barnaverndarlaga skal umdæmisráð skipað þremur ráðsmönnum. Einn skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur, sem jafnframt er formaður ráðsins. Í sama lagaákvæði segir að varamenn skuli skipa með sama hætti. Í því felst að einn varamaður skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur, sem þá er um leið varaformaður ráðsins.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir tillögu valnefndar aðgreint eftir þeim fagaðilum sem um ræðir (félagsráðgjafi, sálfræðingur, lögfræðingur). Heildarniðurstaða nefndarinnar, sem fram kemur í lok samantektarinnar byggist jafnframt á heildarmati á því hvernig umdæmisráðið í heild er skipað, bæði m.t.t. faglegrar hæfni, þekkingar og reynslu og m.t.t. kynjasjónarmiða.

Tillaga um félagsráðgjafa í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur

Á lista mennta- og barnamálaráðuneytisins koma fram nöfn 22 félagsráðgjafa sem allir teljast fullnægja almennum hæfisskilyrðum barnaverndarlaga til setu í umdæmisráði barnaverndar.

Í 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga kemur fram að ekki sé heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi. Nokkrir einstaklingar á listanum starfa hjá Reykjavíkurborg að verkefnum sem teljast til barnaverndar. Þeir geta því ekki tekið sæti í umdæmisráðinu í Reykjavík, þótt þeir hafi almennt hæfi til að taka sæti í öðrum umdæmisráðum.

Með hliðsjón af matsviðmiðum, sbr. lið 3 að ofan, leggur valnefndin til að Reykjavíkurborg skipi eftirtalda félagsráðgjafa í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur frá og með 1. janúar 2023.

Aðalmaður: Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi.

Varamaður: María Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi.

Valnefndin tekur fram að á þeim lista yfir félagsráðgjafa sem valnefndin hafði til hliðsjónar eru nokkrir félagsráðgjafar með mikla og fjölbreytta starfsreynslu hjá sveitarfélögum og á sviði barnaverndar.

Eldey Huld Jónsdóttir er framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands. Hún hefur setið í barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 2018. Eldey Huld lauk B.ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1985, prófi til starfsréttinda í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands 1998 og MA prófi frá félagsráðgjafadeild La Trobe University árið 2003. Eldey Huld hefur fjölbreytta starfsreynslu, bæði á sviði félagsráðgjafar, stjórnunar og stjórnáslu.

Þegar litið er heildstætt til reynslu, þekkingar og hæfni Eldeyjar, ásamt þekkingar hennar og reynslu af störfum barnaverndarnefndar Reykjavíkur sem aðrir félagsráðgjafar á listanum hafa ekki, telur valnefndin rétt að leggja til að Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi verði skipuð aðalmaður í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur.

María Gunnarsdóttir félagsráðgjafi er verkefnisstjóri hjá Barna- og fjölskyldustofu. Hún var áður framkvæmdastjóri barnaverndar Reykjanesbæjar frá 2011-2021, en einnig settur framkvæmdastjóri í því starfi 2004-2005 og 2008-2010. Frá 2002 starfaði hún sem félagsráðgjafi í barnavernd hjá Reykjanesbæ og þar áður sem félagsráðgjafi, m.a. að verkefnum á sviði barnaverndar. María er með BA próf í uppeldis- og menntunarfræðum frá 1996, próf til starfsréttinda í félagsráðgjöf frá 1998, lauk

diplómanámi í fötlunarfræðum 2006, diplómanámi í barnavernd árið 2010, MA prófi í félagsráðgjöf árið 2011 og diplómanámi í opinberri stjórnslu árið 2016.

Þegar litið er heildstætt til langrar og umfangsmikillar reynslu Maríu Gunnarsdóttur af störfum á sviði barnaverndar, innan stjórnslu sveitarfélags, menntunar hennar og hæfni sem bæði reynsla, menntun og starfsferill gefa til kynna, telur valnefndin rétt að leggja til að hún verði skipuð varamaður Eldeyjar Huldu Jónsdóttur félagsráðgjafa í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur.

Tillaga um sálfræðing í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur

Á lista mennta- og barnamálaráðuneytisins koma fram nöfn sjö sálfræðinga sem allir teljast fullnægja almennum hæfisskilyrðum barnaverndarlaga til setu í umdæmisráði barnaverndar.

Í 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga kemur fram að ekki sé heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi. Einn af þeim sálfræðingum sem er á lista mennta- og barnamálaráðuneytisins starfar hjá Reykjavíkurborg við verkefni sem teljast til barnaverndar. Hún getur því ekki tekið sæti í umdæmisráðinu í Reykjavík, þótt hún hafi almennt hæfi til að taka sæti í öðrum umdæmisráðum.

Með hliðsjón af matsviðmiðum, sbr. lið 3 að ofan, leggur valnefndin til að Reykjavíkurborg skipi eftirtalda sálfræðinga í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur frá og með 1. janúar 2023.

Aðalmaður: Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur.

Varamaður: Thelma Gunnarsdóttir, sálfræðingur.

Enginn af sex sálfræðingum sem er á lista ráðuneytisins, og kemur til greina til setu í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur, hefur starfað í barnaverndarnefnd. Þeir teljast hins vegar allir hafa reynslu og færni af sálfræðistörfum sem myndi nýtast í umdæmisráðinu. Þá hafa nokkrir þeirra umtalsverða reynslu af sálfræðistörfum á sveitarstjórnarstigi, bæði tengt félagsþjónustu og skólastarfi, þar á meðal við barnavernd.

Ingibjörg María Guðmundsdóttir er kennslustjóri á Barna- og fjölskyldustofu. Hún var yfirmaður skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar 2000-2007, skólastjóri Þjósárskóla 2007-2011, yfirsálfræðingur við skóla- og félagsþjónustu Grindavíkurbæjar 2011-2021 og frá þeim tíma í starfi hjá Barna- og fjölskyldustofu. Reynsla hennar spannar fjölbreytt svið innan félagsþjónustu og barnaverndar auk skólamála.

Þegar litið er heildstætt til fjölbreyttrar reynslu Ingibjargar Maríu, ekki síst af verkefnum sem tengjast velferð barna, skólastarfi og barnavernd, þegar litið er til menntunar hennar og síðan til þeirrar færni sem bæði menntun og starfsferill gefa til kynna, telur valnefndin rétt að leggja til að hún verði skipuð aðalmaður í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur.

Thelma Gunnarsdóttir er yfirsálfræðingur við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Thelma var ráðgjafi hjá fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyjabæjar 2001-2005, og sálfræðingur hjá sama sviði 2007-2015. Árin 2006-2007 lauk hún Cand.Psych námi. Frá og með 2016 hefur Thelma starfað hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sem yfirsálfræðingur frá 2018. Reynsla Thelmu er m.a. á sviði málaflokka félagsþjónustu, barnaverndar og skólamála.

Þegar litið er heildstætt til reynslu Thelmu, þar á meðal af verkefnum sem tengjast velferð barna, skólastarfi og barnavernd, þegar litið er til menntunar hennar og síðan til þeirrar færni sem bæði menntun og starfsferill gefa til kynna, telur valnefndin rétt að leggja til að hún verði skipuð varamaður Ingibjargar Maríu Guðmundsdóttur sálfræðings í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur.

Tillaga um lögfræðing í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur

Á lista mennta- og barnamálaráðuneytisins koma fram nöfn 13 lögfræðinga sem allir teljast fullnægja almennum hæfisskilyrðum barnaverndarlaga til setu í umdæmisráði barnaverndar.

Í 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga kemur fram að ekki sé heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi. Tvær af þeim lögfræðingum sem eru á lista mennta- og barnamálaráðuneytisins starfa hjá Reykjavíkurborg við verkefni sem teljast til barnaverndar. Þær geta því ekki tekið sæti í umdæmisráðinu í Reykjavík, þótt þær hafi almennt hæfi til að taka sæti í öðrum umdæmisráðum.

Með hliðsjón af matsviðmiðum, sbr. lið 3 að ofan, leggur valnefndin til að Reykjavíkurborg skipi eftirtalda lögfræðinga í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur frá og með 1. janúar 2023.

Aðalmaður: Tómas Hrafn Sveinsson, lögfræðingur
Varamaður: Halldór Rósmundur Guðjónsson, lögfræðingur

Valnefnd bendir á að lögfræðingur sem skipaður er í umdæmisráð skal vera formaður þess. Hann stýrir fundum ráðsins. Umdæmisráð hefur ekki síst það hlutverk að kveða upp úrskurði í málum sem varða ríka hagsmuni aðila mála. Reynsla af setu í barnaverndarnefnd eða sambærilegum verkefnum á sviði stjórnsýslu hefur því umtalsverða þýðingu við framsetningu nefndarinnar á tillögu um val á lögfræðingi í umdæmisráðið.

Allir lögfræðingar á lista ráðuneytisins hafa að mati valnefndar reynslu af barnaverndarmálum sem myndi nýtast vel í umdæmisráði, þótt sú reynsla sé af mismunandi toga. Fimm af þeim 11 lögfræðingum sem eru á listanum og til greina koma við skipun í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur hafa reynslu af því að sitja í barnaverndarnefnd. Fjórir af þeim hafa jafnframt verið formenn barnaverndarnefndar.

Tómas Hrafn Sveinsson er varaformaður kærunefndar útlendingamála. Varaformaður kærunefndarinnar hefur það starf að aðalstarfi. Hann var jafnframt settur formaður þeirrar nefndar í fjóra mánuði árið 2021. Tómas hefur starfað sem lögmaður, verið oddviti kjörstjórna og formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá nóvember 2015.

Þegar litið er heildstætt til reynslu Tómasar Hrafns, en hann hefur víðtæka reynslu af lögfræði- og lögmannsstörfum, töluvert umfangsmikla reynslu af störfum í úrskurðarnefnd, ásamt þekkingar hans og reynslu af störfum barnaverndarnefndar Reykjavíkur þar sem hann hefur verið formaður frá 2015, telur valnefndin rétt að leggja til að Tómas Hrafn lögfræðingur verði skipaður formaður í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur.

Halldór Rósmundur Guðjónsson er saksóknarfulltrúi við embætti héraðssaksóknara. Frá 2006 til 2016 starfaði hann við embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, við rannsókn fjármunabrota, kynferðisbrota og alvarlegra ofbeldisbrota. Frá 2016 hefur hann starfað við embætti héraðssaksóknara. Halldór telst hafa umtalsverða starfsreynslu af sviði löggæslu, rannsókn sakamála og sem ákærandi. Þá hefur Halldór verið formaður barnaverndar Reykjanesbæjar frá 2014.

Þegar litið er heildstætt til reynslu og þekkingar Halldórs Rósmundar telur valnefndin rétt að leggja til að Halldór Rósmundur verði skipaður varaformaður Tómasar Hrafns Sveinssonar lögfræðings í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur. Í því felst einnig að Halldór Rósmundur verður varaformaður ráðsins.

6. Tillaga valnefndar

Valnefnd um skipan umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur leggur til að umdæmisráðið verði skipað eftirfarandi einstaklingum frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

Aðalmenn í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur
Tómas Hrafn Sveinsson lögfræðingur, formaður

Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi
Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur

Varamenn í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur
Halldór Rósmundur Guðjónsson lögfræðingur, varaformaður
María Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi.
Thelma Gunnarsdóttir, sálfræðingur

Samþykkt á fundi valnefndarinnar, 12. desember 2022

Trausti Fannar Valsson, formaður
Ellý Þorsteinsdóttir
Rannveig Einarsdóttir



ERINDISBRÉF

Valnefnd umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Hinn 1. janúar 2022 tóku gildi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021. Ein meginbreyting laganna er sú að frá og með 1. janúar 2023 verður barnaverndarnefnd Reykjavíkur lögð niður. Þann dag taka barnaverndarþjónusta Reykjavíkur og umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur við þar tilgreindum verkefnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Samkvæmt lögnum er umdæmisráð ný eining innan stjórnkerfis sveitarfélaga sem er ætlað að tryggja faglega meðferð barnaverndarmála hjá sveitarfélögum. Umdæmisráð skal því vera sjálfstætt í störfum sínum og skýrlega aðskilið frá barnaverndarþjónustu. Á fundi borgarráðs 10. febrúar 2022 var samþykkt að stofna umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að skipa í umdæmisráð barnaverndar til fimm ára í senn, sbr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Skipan valnefndar:

Reykjavíkurborg skipar þriggja manna valnefnd til að gera tillögu til borgarráðs um skipun umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur, sbr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Hlutverk og markmið:

Hlutverk valnefndar er að gera tillögu til borgarráðs um skipan umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur samkvæmt 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum, lögfræðingi sem er formaður ásamt félagsráðgjafa og sálfræðingi, sbr. 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ráðsmenn skulu hafa í það minnsta þriggja ára starfsreynslu í barnavernd og næga færni og þekkingu til setu í ráðinu. Ráðsmenn þurfa ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs og getur sami einstaklingur setið í fleiri en einu umdæmisráði. Ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu Reykjavíkur. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Valnefnd skal við tillögugerðina hafa til hliðsjónar lista mennta- og barnamálaráðuneytisins yfir einstaklinga sem uppfylla almenn hæfisskilyrði til að taka sæti í umdæmisráðum barnaverndar, sbr. 5. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Valnefnd skal að öðru leyti viðhafa faglegt mat við gerð að tillögu til borgarráðs um skipan umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur og gæta að því við tillögugerðina að einstaklingar hafi fullnægjandi og umfangsmikla þekkingu sem nýtist til að geta gegnt starfi ráðsmanns.

Skipunartími umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur er fimm ár, þ.e. frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027, sbr. 1. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.



Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur heldur umboði og hlutverki sínu þar nýtt ráð hefur verið skipað.

Nýskipun og mat á hæfi:

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur vegna framkomu hans eða skorts á hæfi til setu í því gerir valnefnd tillögu til borgarráðs um ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins, sbr. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Fundur valnefndar:

Formaður valnefndar umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur boðar til funda og stýrir þeim. Valnefnd kemur saman eins og þurfa þykir.

Valnefnd umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur skipa:

Trausti Fannar Valsson lögfræðingur – formaður
Ellý Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi
Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Til ráðgjafar:

Með starfshópnum starfar borgarritari og starfsmaður skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar utanaðkomandi ráðgjafa við störf sín.

Starfstímabil:

Frá 24. nóvember 2022 til og með 31. desember 2027.

Valnefnd heldur hlutverki sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð.

Gildistaka:

Erindisbréf þetta var upprunalega samþykkt á fundi borgarráðs 24. nóvember 2022 en uppfærsla á erindisbréfi samþykkt á fundi borgarráðs þann 8. desember 2022.

Reykjavík, 8. desember 2022

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsgrötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 22. september 2022
Tilv.: MRN22060144/6.22.0

Efni: Listi mennta og barnamálaráðuneytisins yfir einstaklinga sem uppfylla almenn hæfisskilyrði til að taka sæti í umdæmisráðum barnaverndar, sbr. 5. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þann 1. janúar 2023 taka umdæmisráð barnaverndar til starfa. Sveitarfélög bera ábyrgð á umdæmisráðum barnaverndar og skipa ráðsmenn í ráðin. Til að styðja við sveitarfélögin ákvað mennta- og barnamálaráðuneytið að nýta heimild í 5. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga til að útbúa lista yfir einstaklinga sem uppfylla almenn hæfisskilyrði til að taka sæti í umdæmisráðum barnaverndar.

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsti því, þann 20. júní 2022, eftir félagsráðgjöfum, lögfræðingum og sálfræðingum með reynslu í barnavernd sem hafa áhuga á að vera á lista ráðuneytisins yfir einstaklinga sem eru hæfir til að taka sæti í umdæmisráðum barnaverndar. Eftirfarandi einstaklingar sóttu um og voru metnir hæfir af ráðuneytinu til þess að taka sæti í umdæmisráðum barnaverndar, sbr. 14. gr. barnaverndarlaga, og hafa staðfest samþykki sitt fyrir miðlun upplýsinga um sig til sveitarfélaga landsins.

Anna Rut Tryggvadóttir, félagsráðgjafi

Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi

Arna Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi

Arnfríður Kjartansdóttir, sálfræðingur

Ásta Kristín Benediktsdóttir, félagsráðgjafi

Berglind Ósk Birgis Filippíudóttir, félagsráðgjafi

Einar Ingi Magnússon, sálfræðingur

Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi

Eva Sjöfn Helgadóttir, sálfræðingur

Flosi Sigurðsson, lögfræðingur

Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi
Guðrún Sigríður Marínósdóttir, félagsráðgjafi
Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi
Hafdís Una Guðnýjardóttir, lögfræðingur
Halldór Rósmundur Guðjónsson, lögfræðingur
Halldór Guðni Hauksson, sálfræðingur
Hrafnhildur Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi
Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur
Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi
Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur
Katrín Jónsdóttir, sálfræðingur
Kolbrún Garðarsdóttir, lögfræðingur
Kolbrún Þorkeldsdóttir, lögfræðingur
Kristín Ósk Ómarsdóttir, félagsráðgjafi
Laufey Þorvaldsdóttir, félagsráðgjafi
Lilja Björk Guðrúnardóttir, félagsráðgjafi
María Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi
Oddný Jónsdóttir, félagsráðgjafi
Ómar Örn Bjarnþórsson, lögfræðingur
Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi
Rut Sigurðardóttir, félagsráðgjafi
Sigmundur Guðmundsson, lögfræðingur
Sigríður María Jónsdóttir, lögfræðingur
Sigrún Inga Guðnadóttir, lögfræðingur
Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi
Thelma Gunnarsdóttir, sálfræðingur
Tómas Hrafn Sveinsson, lögfræðingur
Unnur Berglind Friðriksdóttir, lögfræðingur
Vilborg Grétarsdóttir, félagsráðgjafi
Þóra Kemp, félagsráðgjafi
Þórdís Bjarnadóttir, lögfræðingur
Þórarinn Þórsson, félagsráðgjafi

